2. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi 10. október 2018 kl.8:15.

Mætt: Eyþór H. Ólafsson formaður, Helgi S Haraldsson, Kjartan Björnsson, Halldóra Hjörleifsdóttir og Rakel Sveinsdóttir. Einnig mætt Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður nefndarinnar.

1. Fjárhagsáætlun Brunavarna Árnessýslu fyrir árið 2019.

   Pétur Pétursson slökkviliðsstjóri kom á fundinn og fór yfir áætlunina og ýmsar breytingar á reglugerðum varðandi slökkvilið og brunavarnir. Áætlunin verður lögð fyrir haustfund Héraðsnefndar.

2. Fjárhagsáætlun Byggðasafns Árnesinga.

   Fjárhagsáætlunin lögð fram og rædd. Áætlunin verður lögð fyrir haustfund Héraðsnefndar.

3. Fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga.

   Fjárhagsáætlunin lögð fram og rædd. Áætlunin verður lögð fyrir haustfund Héraðsnefndar.

4. Fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga.

   Fjárhagsáætlunin lögð fram og rædd. Áætlunin verður lögð fyrir haustfund Héraðsnefndar.

5. Fjárhagsáætlun Almannavarnarnefndar Árnessýslu.

   Fjárhagsáætlunin lögð fram og rædd. Áætlunin verður lögð fyrir haustfund Héraðsnefndar.

6. Fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árnesinga.

   Fjárhagsáætlun skólans afgreidd af stjórn liggur ekki fyrir þar sem ekki hefur tekist að halda stjórnarfund til að afgreiða hana. Hann hefur verið dagsettur 12.október nk.

7. Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árnesinga.

Ingibjörg lagði fram fjárhagsáætlun nefndarinnar og útskýrði. Áætlunin verður lögð fyrir haustfund Héraðsnefndar.

8. Landamerki Tannastaða og Alviðru.

Fyrir fundinum liggur ósk um staðfestingu á landamerkjum Tannastaða og Alviðru, vegna skiptingar lands Tannastaða á milli erfingja og eigenda landsins. Formanni falið að undirrita staðfestinguna.

9. Haustfundur Héraðsnefndar.

Haustfundurinn verður haldinn 22.október nk. í Skyrgerðinni í Hveragerði. Formanni falið að ganga frá dagskrá og senda út.

10. Persónuverndarmál.

Fram kom að Tónlistarskólinn er að vinna í sínum málum, þar sem hann hefur mikla sérstöðu vegna mikilla upplýsinga um nemendur skólans. Forstöðumaður Héraðsskjalasafnsins, Þorsteinn Tryggvi hefur unnið þetta fyrir sitt safn. Samþykkt að falast eftir því við hann að skoða þetta fyrir hin söfnin, þ.e Listasafnið og Byggðasafnið. Brunavarnir telja að þeirra mál séu í lagi.

11. Fulltrúi í FabLab hóp.

Samþykkt að Hallur Hróarsson grunnskólakennari í Hveragerði verði fulltrúi Héraðsnefndar í hópnum.

12. Önnur mál.

Samþykkt að skoða sameiginleg mál stofnana nefndarinnar, s.s endurskoðun, tryggingar og öryggismál og hvort hægt sé að bjóða þá þætti út og jafnvel fleiri, fyrir allar stofnanir hennar og ná þannig fram hagræði og sparnaði.

Ákveðið að taka til umræðu á haustfundi stofnun Miðhálendisþjóðgarðs og heimavist við FSU og ályktanir varðandi þau málefni.

Fundi slitið kl. 10:35.

Helgi Sigurður Haraldsson ritaði fundargerð.